



20. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 20. apríl 2001

Dagskrá:

1. Undirbúningur fyrir sambandsstjórnarfund.
2. Önnur mál.

1. Undirbúningur fyrir Sambandsstjórnarfund

Ályktun til stuðnings sjómönnum vegna verkfallsins var lögð fram sem og tillaga um að veita þeim styrk úr verkfallssjóði. Samþykkt að miðstjórn legði þessar tillögur fyrir sambandsstjórnarfund.

Ársskýrsla sambandsins lögð fram. Tillaga kom fram um að hún yrði send öllum félagsmönnum sambandsins í því formi og var það samþykkt.

Kröftugar umræður urðu um nauðsyn aðildar að ASÍ og hvort einstök félög gætu verið í ASÍ og RSÍ en önnur eingöngu í RSÍ, en nú eru öll félög sambandsins innan ASÍ nema FÍS sem ekki hefur fengið inngöngu. Nánast allar hugsanlegar hugmyndir komu fram, sumir vildu úr ASÍ hið fyrsta og vildu losna við skattinn, aðrir töldu ekki tímabært að gera nokkuð í málunum. Samþykkt var að halda þessum hugmyndum og spurningum á lofti við starfandi forseta ASÍ ásamt lögmanni, sem munu mæta á sambandsstjórnarfundinn.

Ársreikningar sambandsjóða fyrir árið 2000 lagðir fram ásamt áætlunum fyrir 2001, verða afgreiddir á sambandsstjórnarfundinum.

Hugmyndir að breytingum á reglugerð Lífeyrissjóðsins Lífiðn verða einnig kynntar þar.

Umgengni í orlofshúsum sambandsins var enn einu sinni tekin fyrir og samþykkt að taka sérstaklega á þeim málum á sambandsstjórnarfundinum

2. Önnur mál.

Í kjölfar þess að iðnnemar fá ekki ræðumann á 1. maí í útifundinum í Reykjavík hafa þeir ákveðið að halda sérfund í húsdýragarðinum. Lögð var fram beiðni um styrk til þessa, samþykktur að veita 100 þús. kr. styrk. Samþykkt að senda fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík bréf, þar sem því yrði mótmælt að ungu og áhugasömu fólki væri vísað frá þátttöku á þennan hátt.

Ákveðið var að hafa kaffiveitingar fyrir félagsmenn að Stórhöfða 31, 1. maí.

Kynntur var bæklingur sem lagður var fram á fundi ASÍ um velferðarmál.

Fundi slitið kl. 16:30,
Haukur Ágústsson.